



ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

INSTITUTE OF INTERNATIONAL AFFAIRS | UNIVERSITY OF ICELAND

RANNSÓKNASETUR UM SMÁRIKI / CENTRE FOR SMALL STATE STUDIES

RANNSÓKNASETUR UM NORÐURSLÓÐIR / CENTRE FOR ARCTIC STUDIES

HÓFÐI FRÍÐARSETUR / HOFDI REYKJAVIK PEACE CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2024

Efni: Umsögn Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um rannsóknasetur öryggis- og varnarmála, þskj. 86, 86. mál.

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands telur, líkt og tillöguflytjendur, vera brýna þörf á að styrkja rannsóknir á sviði utanríkis- og öryggismála á Íslandi. Á þeim viðsjárverðu tímum sem nú blasa við okkur er meiri þörf en nokkru sinni á öflugum og vönduðum rannsóknum þar sem lögð er áhersla á að greina varnar- og öryggismál. Rannsóknir eru grunnur að upplýstri ákvarðanatöku og stefnumótun og mikilvægt verkfæri til að dýpka skilning okkar á stöðu mála og hjálpa stjórnvöldum þannig að takast á við breytingar á alþjóðavettvangi.

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands er eina fræðslu- og rannsóknastofnunin sem sinnt hefur rannsóknum á sviði öryggis- og varnarmála hér á landi undanfarna áratugi en oft hefur verið bent á mikilvægi þess að efla starfsemi stofnunarinnar á þessu sviði. Í nýlegri skýrslu Björns Bjarnasonar, sem norrænu utanríkisráðherrarnir fólu honum að skrifa, voru möguleikarnir á auknu norrænu samstarfi um varnar- og öryggismál á ýmsum sviðum kannaðir en meðal þess sem lagt var til var að auka rannsóknasamstarf milli norrænna alþjóðamálastofnana á sviði öryggis- og varnarmála. Nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum halda úti öflugum alþjóðamálastofnunum, en í dag eru allar þessar stofnanir að auka enn frekar rannsóknir og fræðslu um varnar- og öryggismál. Mikilvægt er að Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands sé ekki eftirbátur sinna norrænu systurstofnana hvað þetta varðar en Alþjóðamálastofnun hefur verið í nánú samstarfi við þær til margra ára.

Stofnunin sinnir nú þegar fjölmörgum verkefnum sem stuðla að þekkingarsköpun á Íslandi á þessu sviði. Þar má til að mynda nefna alþjóðlegt rannsóknarverkefni um upplýsingaóreiðu og falsfréttir, rannsóknarverkefni tengt öryggismálum á norðurlöndum, rannsóknir á viðhorfi Íslendinga til öryggismála, námskeiðum í friðar- og átakafræði, og námskeiðum í samningatækni og afvopnarmálum svo eitthvað sé nefnt. Auk þess má geta þess að árleg ráðstefna Alþjóðamálastofnunar um helstu áherslur Íslands í alþjóða- og utanríkismálum hefur unnið sér sess sem helsti vettvangur umræðu um alþjóðamál á Íslandi.

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands hefur áralanga reynslu af því að stýra alþjóðlegum þverfræðilegum rannsóknarverkefnum og hefur í starfi sínu lagt áherslu á að tengja saman þá fræðimenn sem stunda rannsóknir á sviði alþjóða- og öryggismála á Íslandi þegar kemur að umfangsmiklum rannsóknarverkefnum, kennslu og þátttöku í opnum viðburðum og ráðstefnum innanlands og utan. Öflugt rannsóknasamstarf innanlands á sviði varnar – og öryggismála stuðlar að aukinni þekkingu og auðveldar stjórnvöldum að taka ákvarðanir um hvernig bregðast skuli við breytingum á öryggisumhverfi Íslands.

Við fögnum auknum áhuga þingmanna á að styrkja og efla rannsóknir og þekkingu á sviði varnar – og öryggismála og bendum á nokkrar leiðir til að stuðla að því.

1. Til að auka þekkingu, styrkja rannsóknir og efla kennslu í varnar– og öryggismálum leggur Alþjóðamálastofnun til að tveir fræðimenn verði ráðnir til stofnunarinnar. Fræðimennirnir myndu sinna rannsóknum á vegum stofnunarinnar um varnar – og öryggismál Íslands, taka þátt í umsóknarskrifum í erlenda samkeppnissjóði, taka þátt í opnum viðburðum og ráðstefnum stofnunarinnar, kenna námskeið í MA námi í alþjóðasamskiptum með áherslu á varnar – og öryggismál, leiðbeina meistaranemendum við skrif lokaritgerða og vera utanríkisráðuneytinu innan handar varðandi greiningar á mismunandi sviðsmyndum þegar kemur að öryggis - og varnarmálum.
2. Til að efla samstarf íslensks fræðasamfélags enn frekar við norræna fræðimenn á sviði varnar – og öryggismála leggjum við til sérstakan sjóð til að styrkja fræðimannaskipti milli Íslands og hinna Norðurlandanna þegar kemur að rannsóknum á sviði varnar – og öryggismála. Norrænar systurstofnanir Alþjóðamálastofnunar búa yfir mikilli reynslu og þekkingu í varnar – og öryggismálum sem íslenskir fræðimenn á þessu sviði geta notið góðs af.
3. Til að auka áhuga ungra fræðimanna á að leggja stund á rannsóknir á sviði varnar– og öryggismála leggur Alþjóðamálastofnun til að auglýstir verði styrkir fyrir meistararitgerðir ár hvert. Auglýst yrðu þrjú mismunandi viðfangsefni á sviði varnar – og öryggismála hverju sinni. Verkefnislýsingin yrði unnin í samráði við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og áherslur ráðuneytisins á hverjum tíma fyrir sig.

Margar aðrar leiðir eru færar til að ná settu markmiði. Þessar tillögur eru því einvörðungu settar fram sem fyrstu tillögur sem hægt er að útfæra frekar í góðri samvinnu.

F.h. Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands,
Virðingarfyllst,



Pia Hansson
forstöðumaður